

# BRATTLEIÐI

## *Frá spírítisma til náttúrufræði*

### I

„Bláa Eyjan“, eftir Miss Stead, er nú komin út á íslensku (í vandaðri þýðingu eftir Hallgrím Jónsson). Minnir þetta mig á þær vonir, sem vöknudu hjá mér, þegar ég sá þessa bók fyrst, fyrir allmörgum árum. Hinn mikli blaðamaður, W. T. Stead, sem fórst með „Titanic“ vorið 1912, hafði þarna gert skörulega tilraun til að fræða dóttur sína um, að hann væri eftir dauða sinn hér á jörðu, kominn á aðra jörð, og lifði þar áfram líkamlegu lífi og jarðnesku, engu síður en áður. En þetta er einmitt sú undirstöðuþekking, sem ómissandi er, ef oss á að auðnast að fá vísindalega, náttúrufræðilega þekkingu á lífi eftir dauðann; en afleiðingar þess að öðlast þá þekkingu mundu verða hinar stórkostlegustu.

Það var nú augljóst, að Miss Stead hafði engan skilning á því, hvað það var, sem faðir hennar var að reyna til að fræða hana um, og hugsaði ég mér nú til hreyfings, þar sem sumt það, sem tekist hafði að koma fram handanað, var svo ótvírætt, að ekki virtist ólíklegt, að með nokkurri hjálp mætti takast að fá Miss Stead til að skilja. Ég skrifaði því þessari merkiskonu, og reyndi að gera eins ljóst og mér var unnt, hvaða ályktanir væri óumflýjanlegt að draga af því, sem faðir hennar hafði sagt henni. Svaraði Miss Stead mér kurteislega og stillilega og fóru nokkur bréf okkar á milli, en niðurstaðan varð sú, að mér tókst ekki að sannfæra hana. Hún hélt áfram að trúa á anda og andaheim, eftir sem áður.

### II

Bókin *Life Eternal* (Eilíft líf), sem kom út nokkrum árum síðar, virðist mér þó bera nokkur merki þess, að tilraun mín

til að hjálpa þessum merkilegu feðginum, hafi ekki verið alveg árangurslaus, og jafnframt veitir hún nokkra hjálp til að skilja vegna hvers ekki gat orðið að notum sá fróðleikur, sem Stead þó hafði tekist að koma í gegn í „Blue Island“. Þá gefst enn færi á þýðingarmiklum athugunum, af því að Stead hefir einnig reynt að koma fram fróðleik gegnum annan miðil, eins og lesa má í bókinni „From four who are dead“ (Fréttir af fjórum framliðnum), eftir skáldkonuna Mrs. C. A. Dawson Scott. Maður Mrs. Scott hafði verið læknir og fyrirfarið sér, og er samanburður á því sem þessir tveir menn, Stead og Scott, segja sömu konunni af lífi sínu eftir dauðann, mikilsverður til aukins skilnings, og þá eins að bera saman það sem sami maðurinn, Mr. Stead, segir með tilstyrk tveggja miðla.

Það sýnir vel, hversu erfitt er í þessum efnum, að eins gáfuð kona og miss Stead, skuli ekki hafa látið sér skiljast, að hinn framliðni faðir hennar er að reyna til að segja henni frá jarðnesku og líkamlegu lífi; því að lýsing hans ber það allsstaðar svo greinilega með sér, að það er ekki andaheimur, sem verið að segja frá. Í 7. kafla, sem heitir: „Our Life Here“ (Lífið hérnámin), segir St. t. d.: „Vor heimur er úr sama efni og yðar,“ og ber honum þar alveg saman við það, sem ýmsir aðrir „andar“ hafa sagt, og með jafn litlum árangri. En þetta, að heimur framliðinna sé efnisheimur, þýðir auðvitað það, að framlíf vort sé í þessum sama rúmgóða heimi og frumlífið, aðeins um aðrar jarðir annarra sólhverfa og sennilega einnig annarra vetrarbrauta, að ræða.

Þegar Stead er spurður, hvort framliðnir þarfnist matar, segir hann: „Vissulega. Líkamir vorir þarfnast næringar alveg eins og yðar líkamir.“ En næringin er öðruvísi. „Maturinn er aldrei úr dýraríkinu, og hann er aldrei soðinn. Fæða vor er úr jurtaríkinu hér, og sum efni fáum vér úr ljósvakanum. Og það er enginn úrgangur; nokkur útgufun, en annars er langmest af fæðunni algerlega notað af líkamanum.“ Líkjast framliðnir um þetta jurtunum, sem jafnvel hér á jörðu geta búið til ilmandi efni úr því af næringu sinni, sem ekki fer til að byggja upp jurtalíkamann og halda hon-

um við. En þó má ekki vera óvitandi um, að þetta á einungis við um það framlíf, sem er uppávið. Hafi stefnt verið niður-ávið í lífinu hér á jörðu, frumlífinu, þá er framlífið í alla staði viðbjóðslegra en hér á jörðu. Swedenborg tekur á því, sem til er af orðum í latínu til að tákna illan þef, þegar hann er að lýsa því, hve daunillt sé í illum framlífsstöðum.

Fróðlegt er nú að bera þetta saman við þær fréttir, sem læknisekkjan, Mrs. Scott, hefir fengið. Hinn framliðni læknir segir („Frá 4 framliðnum“, s. 3): „Vér neytum ekki matar, eða öllu heldur, vér gerum það ekki í yðar merkingu orðsins.“ Stead segir við Mrs. Scott (Frá 4, s. 159): „Vér erum lausir við þetta tilverustig, þar sem menn skríða (eða öllu heldur skreiðast), sofa og eta.“ Og s. 188 segir hann: „Vér þurfum ekki líkamlega næringu, en vér þurfum andlega (mental) næringu. En s. 125 segir George, einn hinna framliðnu fjórmenninga: „Mér er illa við orðið „mental“, því að um meira er að ræða en það.“ Mann grunar, að Stead hafi ætlað sér að segja mrs. Scott eitthvað líkt og dóttur sinni, en ekki komið því fram. Hann kvartar oft yfir því, að erfitt sé að koma fram því, sem framliðnir séu að reyna til að segja, af því að það breytist í hugum viðtakenda, eftir hinum röngu sannfæringum þeirra (s. 147). Stead segir við læknisekkjuna, að hann sofi aldrei, en við dóttur sína farast honum fróðlegar orð. „Auðvitað sofum vér,“ segir hann (L.E., s. 89). „Hvernig ættum vér að öðrum kosti að öðlast þekkingu á sviðunum (spheres) fyrir ofan oss?“ Og þegar dóttir hans spyr hann seinna, þrátt fyrir þær upplýsingar, sem hún hefir fengið, hvort börnin (sem framliðin eru) sofi, þá segir hann: „Þetta er óviturlega spurt. Auðvitað sofa þau, þau verða að hafa hvíldartíma til þess að geta heimsótt sviðin fyrir ofan.“ Þetta er býsna fróðlegt, því að ég hefi fundið, að vér fáum í svefni samband við íbúa annarra jarðstjarna, sjáum í draumum vorum það, sem gerist á öðrum jarðstjörnum, eða fáum nokkurskonar þátt í því, nákvæmar sagt. Stead segir, að fyrir framliðna sé þetta samband uppávið, til betri staða, og kemur það vel heim við það, sem ég hefi fyrir löngu fundið, að tilgangurinn með svefni og

draumum, er að setja oss í samband við fullkomnara líf en vort er hér á jörðu; og að vísu við fullkomnara framlíf, þ. e. líf framliðinna, sem eru á hinn réttu leið. En sakir þess hve vanþekkingin er hér á jörðu mikil, og óljóst hugsað, eða jafnvel alls ekki, um einmitt það, sem mestu varðar; og enn fremur sakir þess, hve breytni vor er hér á jörðu, á ýmsan hátt, fjarri því sem skyldi, þá verður draumlíf vort yfirleitt ruglingslegt, og svefnsambandið vanalegast niðurávið, til verri staða, en ekki uppávið, eins og ætti að vera. Og veldur því stillilögmálið, að ekki stoðar í þessum efnum mikið, þó að nokkrir strjálir einstaklingar hugsuðu rétt, eða í réttara lagi, meðan í kringum þá, og til þeirra er rangt hugsað. Hin nauðsynlega breyting til batnaðar mun ekki verða fyrr en almennur skilningur fæst á því, að ég er í þessu máli blátt áfram að færa út þekkinguna á náttúrunni, svo að um sanna náttúrufræði er að ræða.

Scott-bókin styður í þessu efni og jafnvel fleirum, ennþá betur mál mitt en það, sem dóttir Steads hefir eftir honum. Hinn framliðni læknir talar um brú (þ. er samband) milli heimanna, sem verið hafi ófullkomið, en nú sé verið að koma í vísindalegt horf; og er það alveg rétt. „Draumar stafa oft af hugsunum, sem koma til vor utanað,“ segir hann. „Að draumarnir eru svo ruglingslegir, stafar af því, að hugurinn, sem tekur við (þessum „utanaðkomandi hugsunum“, sem skapa drauminn) hefir sína eigin hugsanarás.“ En þarna kemur að vísu fram bagaleg vanþekking, því að þessu valda miklu fremur áhrif frá öðrum (stillilögmálið). Fyrir slík áhrif getur þann dreymt mjög ruglingslega, sem í vöku hugsar í ljósasta lagi.

Ég hefi annarsstaðar getið um, hversu merkilegur forboði hins rétta skilnings á eðli svefns og drauma og jafnvel á stillilögmálinu, kemur fram í fornritum vorum, og má bæta hér nokkru við, sem er í sömu átt. Gísli Súrsson kallar, í sögunni, drauma sína svefnfarir, og segir í vísu, að draumkona sín hin betri hafi sýnt sér staðinn, þar sem hann muni dvelja eftir dauða sinn. Kemur þetta vel heim við það, að Stead kveðst þegar yfir um kom, hafa kannast við hinn nýja

bústað sinn, af því að hann hefði komið þangað áður í draumi. „Vér ferðumst og vér ferðumst þó ekki,“ segir Stead, þegar hann talar um hvernig hann hafi heimsótt stjörnuheima, sem séu svo fjarlægir jörðinni, að stjörnufræðingarnir sjái þá ekki. Er það bersýnilega um aðrar vetrarbrautir að ræða, og svefnfarir. Hann segir beinlínis (L.E., s. 97): „This state corresponds in a way to a dreamer's state on earth“: ástandið svarar nokkurnvegin til þess, sem maður er í á jörðunni, þegar hann dreymir; „but we have much more perfect control of the condition“: vér höfum miklu fullkomnari tök á draumlífinu, „þannig, að það er notað til að fara könnunarferðir um alheiminn“. Hefi ég sýnt fram á, hvernig einnig hér á jörðu mætti breyta draumlífinu í áttina til þeirrar fullkomnunar.

Af þeim fróðleik, sem Stead hefir aflað sér í svefnföllum sínum, segir meira í bók læknisekkjunnar. Honum finnst mikið um að skoða sólhverfin á ýmsum stigum framvinduunnar, og sjá hversu margbreytilegt lífið er á hinum ýmsu jarðstjörnum alheimsins. En svo sundurleit, sem hin ýmsu mannkyn alheimsins eru, þá eru þau þó öll eins að því leyti, að þau skiptast í karlkyn og kvenkyn; ástin milli manns og konu heldur áfram og fullkomnast, þó að í framlífinu sé ekki um afkvæmi að ræða.“ En þar skjátlást Stead, því að elskendur í framlífinu eiga afkvæmi, þó að í þeim efnum sé komið fram yfir það, sem er hér á jörðu. Afkvæmið verður til á aflsvæði foreldranna, og „fæðist“ frumvaxta, eins og segir bæði í grískri og norrænni goðafræði. En konur, sem það vilja, geta þó fengið svalað löngun sinni til að annast ungbörn, eins og vér þekkjum þau hér á jörðu.

Annað, sem ástæða er til að leiðrétta, er þetta: „Ósköpin öll af lífi eru framleidd í alheimi,“ segir Stead (Scott-bókin, s. 159). „Geturðu ímyndað þér, hvernig fyrsta stigið er lifað á jarðstjörnum óteljandi sólhverfa, og síðan rennur þessi fjöldi einstaklinga, sem er svo mikill, að þar ná engar tölur til, yfir í þennan heim (þ. e. heim hinna framliðnu), sem ekki er líkamlegur.“

Þarna er þessi höfuðvilla, sem svo erfitt er að sigrast á, og

er hún óefað ekki hinum framliðna Stead að kenna, heldur viðtakanda. Því að heimur framliðinna er engu síður efnisheimur en vor, sem lifum í fyrsta sinn, eða erum hér í frumlífinu eða á frumlífsstiginu. Tilgangur lífsins er einmitt sá, að ná fullkomnum tókum á öllum möguleikum efnis og efnisheims, hefja efnisheiminn til guðlegrar fullkomnunar. Platón sagði, að alheimurinn væri zóon mega, ein lifandi vera, furðulega mikil, og er það að vísu ekki rétt, og vantar mjög mikið á. En það er hið stórkostlega markmið, að ekki sé neitt það í öllum alheimi, sem ekki sé fullkomlega á valdi guðlegs lífs. Það er þetta, sem oss ríður umfram allt á að skilja, svo að vér lærum hve miklu varðar, að stefna þannig, að það geti orðið. Og vitanlega getur það ekki orðið, ef ekki kemst á fullkomin samstilling og samræmi lífsins á hinum ýmsu stjörnum alheimsins. Á jarðstjörnu, þar sem þetta hefir ekki skilist, er lífið ekki farið að stefna rétt, og þar sem það ekki lærist, liður lífið undir lok, og hin mikla tilraun verður að hefjast að nýju. Þann heim, sem náð hefir hinni fullkomnu samstillingu, nefni ég Hýperzóon, og styðst þar bæði við forna heimspeki og nýja náttúrufræði. Prótozóon (fyrstling) nefndi dýrafræðingurinn Häckel hina örsmáu lífveru, sem er aðeins ein fruma; metazóon lífveru samsetta af milljónum fruma, sem hver einstök svarar til fyrstlings, og þar sem þó koma fram eigindir og hæfileikar sem mjög ólíklegt virðist, að fyrstlingurinn gæti búið yfir. En þó munu koma fram ennþá miklu stórkostlegri og óvæntari hæfileikar, þegar allar lífverur í alheimi hafa náð þeirri samstillingu, að tala megi um lífið sem heildarveru, Hýperzóon: það, sem er æðra en það líf, sem áður var, og þó hver einstaklingur betur sjálfstæður en áður var. Að þessu vísar Stead á mjög merkilegan hátt í Scott-bókinni (s. 179—80), og þó þannig, að ekki nægir til þekkingar fremur en það, sem Swedenborg (1688—1772) segir í þá átt, eða, löngu áður, Plótínus (206—270); því að ýmislegt furðulegt, sem þessi ágæti spekingur segir um það sem hann kallar hugarheiminn, er í raun rétttri tíðindi af lífinu á öðrum jarðstjörnum alheimsins, þar sem miklu lengra er komið áleiðis að samstillingu en hér á jörðu.

En Stead—Scott segir svo (s. 179): Það er ætlun mín, að vér — lífneistarnir — munum að lokum hverfa í guð ... Það er mögulegt, að einnig Guð sé að þroskast.“ Og ennfreður (s. 180): Ég er að þreifa fyrir mér, því að í þessum efnum get ég einungis sagt yður, hvað mér virðist líklegt. Vor jarðneski líkami var gerður af örsmáum frumum, þar sem hver lifði sínu lífi. Verið getur, að milljónirnar af öndum á þroskaleið, hver lifandi sínu eigin lífi, jafngildi þessum frumum, og muni samþróast til þess að í þeim geti búið andi Guðs.“ Og ennfreður: „Þegar vér erum nýlosnaðir við ófullkomleika holdsins, þá vex oss mjög í augum, hversu undursamlegt þetta nýja líf er. Það er gott, ákaflega gott, en þó er ég þegar farinn að hugsa með eftirvæntingu til lífs, sem verður ennþá andlegra.“

Þetta er fróðlega sagt og furðulega í áttina sumt, en þó vantar undirstöðuskilninginn, sem er að vita, að sköpun heimsins stefnir að fullkomnun efnisins, fullkomnun líkama, sem af efni er ger, jarðnesku efni, og að það, sem oss riður á nú hér á jörðu, meira en öllu öðru, er að ná sambandi við þá, sem að vísu eru æðri verur í samanburði við oss hér á jörðu, en þó engu síður jarðneskir og líkamlegir, aðeins miklu betur jarðneskir, betur líkamlegir, hið líkamlega, jarðneska, meir á valdi andans.

Sá kafli Stead-bókarinnar (L.E.), sem telja verður fróðlegastan, heitir The New Knowledge: Hin nýja þekking. Stead segist í þessum kafla ætla að gefa yfirlit yfir það gagn, sem íbúar jarðarinnar muni hafa af því að vita, að lífið „á lægsta sviðinu“ er einungis hin fyrsta, ófullkomna tilraun til þess að lifa. Þar má lesa það, að dauðinn sé ekki að yfirgefa efnislíkamann til þess að lifa síðan án efnislíkama, heldur sé hinn jarðneski líkami yfirgefinn einungis til þess að halda áfram að lifa í fegri líkama. „Þessi ný skilningur mun miða til aukins þroska fyrir allar greinar vísinda og lista,“ segir réttilega (s. 153). „Ein þýðingarmesta (afleiðing hinnar nýju þekkingar) verður sú, að styrjaldir munu ekki frammar eiga sér stað“ (s. 154). „Samband við framlíðna mun verða eins eðlilegt og bréfaskipti milli vina.“ (s. s.) Og ennfreður segir

Stead: „Hvað munu vísindamennirnir taka til bragðs, þegar þeim er orðið ljóst, að þeir fá orku frá hærra tilverusviði (þ. e. að þeir hafa samband við miklu lengra komna vísindamenn á öðrum jarðstjörnum), og að nýjar hugmyndir eru gullkorn, sem koma seint og strjált ofanað?“ Þeirri spurningu svarar Stead vel þannig: „Þeir munu flýta sér að fara að rannsaka, hvernig sambandið við oss (þ.e. framliðna) geti orðið fullkomnara, í stað þess að kvelja oss með efasemdum um að vér séum til“ (og mundi þó mega bæta því við, að vanalegast er af vísindamanna hálfu, í þeim efnum, um meir en efasemdir að ræða). „Þá munu vísindamennirnir verða vorir bestu vinir.“ Og það er óefað rétt, að þegar fer að verða unnt að koma þeirri þekkingu fram, að vér hér á jörðu höfum þegar nokkurt samband við íbúa stjarnanna, að þessir stjörnuþúar eru að nokkru leyti fólk, sem áður hefir lifað á þessari jörð, og að samband þetta má auka og bæta, þá mun áhugi vísindamanna á að vinna að þessu, verða mjög mikill, og afleiðingarnar af rannsóknum þeirra verða hinar stórkostlegustu, eins og ég hefi oft dregið á. En ekki er ólíklegt, að Stead hafi ekki alveg rétt fyrir sér þar sem hann segir: „Í fyrstu munu prestar allra trúarbragða verða ringlaðir, líkt og þeir, sem fá ofbirtu í augun, og ekki geta gert sér grein fyrir afleiðingum hinnar nýju þekkingar. En að lokum munu þeir þó sjá, að allar trúarjátningar leiða að sama marki, og að það stendur á sama, hvað trúarsetningar þeir kenna, ef aðeins þráin eftir sannleik og góðleik er fyrir hendi.“

Hinn framliðni George, einn hinna 4, segir, þegar læknisekkjan er að spyrja hann um trúarbrögðin: „Skiptir það máli? Ég hefi áhuga á listum en ekki trúarbrögðum og þannig hefi ég alltaf verið (þ. e. hann er í því efni eins eftir að hann kom „yfirum“). En þó að ég hafi aldrei verið trúmaður, þá er ég samt hérna (þar sem honum líður vel og miklu betur en í lífinu hér á jörðu). Það er því ef til vill ekki mjög áriðandi, hverju menn trúa.“

Bæði læknisekkjan og dóttir Steads vilja fá að vita eitt-hvað um ástir manns og konu eftir dauðann, en þar sem þær

eru báðar sannfærðar um, að framliðnir séu andar, verða upplýsingarnar mjög ófullnægjandi. Læknirinn vitnar í orð Jesú um, að í lífinu hinumegin sé ekki gengið í hjónaband, en segir þó við konu sína, að þau muni lifa saman farsælu lífi, þegar hún kemur þangað, sem hann er. En Stead segir við dóttur sína, að um ekkert líkamlegt sé að ræða í ást framlið-inna. Það er erfitt að segja það sem fjarstæðara sé en þetta. Það er verið að reyna að skapa fullkominn líkama. Sköpun heimsins miðar öll að því að koma efninu til samræmis við það, sem vér nefnum anda; og þar í er vitanlega innifalin sköpun hins fullkomna mannslíkama, eða nákvæmar sagt, þess líkama er sé svo fullkominn, að guðlegur verði að kallast, en ekki mannlegur frammar. Mönnum kemur saman um, að enginn unaður jafnist á við þann, sem ástin getur veitt manni og konu; og það getur ekki verið neitt vafamál, að sá unaður kemst á enn hærra stig, þegar líkaminn verður fegri og að öllu fullkomnari. Og þar sem ellihrörnun og sjúkdómum er lokið, verður sá unaður, sem karl og kona geta notið saman, æ því fullkomnari sem lengra líður. Jafnvel þar sem allt gott er eins ófullkomið og á byrjunarstigi og hér á jörðu, er eins og öll tilvera verði í öðru og fegra ljósi fyrir áhrif ástarinnar — sbr. orð Þorsteins Erlingssonar: „Aldni heimur ert það þú, orðinn svona fríður.“ — Má því geta nærri, að þar er um að ræða það, sem heldur áfram og verður æ betra, á betri tilverustöðum.

Einn sá fróðleikur, er Stead lætur dóttur sinni í té, og ekki má sleppa að minnst á, er að hugsamband og samræður án talaðra orða, sem öllum kemur saman um, að setji mjög svip á lífið hinumegin, geti einnig átt sér stað hér á jörðu. Ber þessu mjög saman við það, sem haft er eftir „anda“ á mjög fróðlegum miðilfundi, sem haldinn var í Lundúnum 17. des. 1919. Var presturinn George Nash miðillinn, en bókin, sem frá þessu er sagt í, heitir: „Where the „Dead“ live“. 1920. „Andi“ er spurður, hvort hann geti sagt frá nokkrum framförum, sem í vændum séu, og segir hann þá, að menn muni geta hugsast við, líkt og þeir talast nú við í síma, og jafnframt muni verða miklu algengara en nú, að menn viti til

annarra fyrir fjarskynjan, eða fjarskynji um ástand og hagi annarra. Mundi slíkt þó verða tvísýn framför, meðan hugarfarið kemst ekki á hærra stig en ennþá er. Hefi ég sjálfur af erfiðri reynslu að segja í þessu efni, því að maður, sem mikið hafði við dulrænu fengist, og var (og er) hið mesta óhræsi, fór að vita þannig til mín og geta látið mig „heyra“ til sín, og beitti hann þessum hæfileika sínum eingöngu til að reyna að gera mér illt, þó að ég hefði á engan hátt áreitt hann að fyrra bragði.

Fundur þessi, þar sem síra Nash var miðillinn, var mjög stórmerkilegur, og þó miklu meir fyrir annað en það, sem vikið var að. „Andinn“, sem menn hugðu vera, var spurður, hvort nokkurntíma mundi fást hér á jörðu samband við aðrar jarðstjörnur, og svarar hann þá: „Er ekki þetta slíkt samband?“

Andanum tekst þarna þetta furðulega, að fá miðilinn til að segja skýrt og skorinort, að þeir þarna á fundinum séu einmitt að hafa samband við íbúa annarrar jarðstjörnu. En svo fjarri var þetta hugmyndum allra viðstaddra, að þrátt fyrir þessa skýlausu yfirlýsingu, tókst ekki að fá þá rannsókn hafna, sem „andanum“ hefir óefað verið hinn mesti hugur á að gerð yrði. Að vísu var einnar spurningar spurt: „Which planet then is yours?“ (Hvaða jarðstjarna er þá yðar?), og svarar „andinn“ þá því, sem enginn fróðleikur er í: „Hin æðsta jarðstjarna, Himininn (eða Himnaríki), í miðju alheimsins.“ Féll svo það tal niður. Má telja víst, að „andinn“ hafi ætlað að segja eitthvað, sem fróðlegra hefði verið, en ekki tekist, sakir hugarfarsskekkju viðtakenda. Sýnir það líka ótvíráðlega áhugaleysi viðtakenda, að ekki skyldi vera frekar spurt. Vert er að veita því eftirtekt, að fundurinn, þar sem þessi stórmerkilegi, en svo vanmetni, fróðleikur kom fram, var haldinn nokkrum vikum eftir að kom út 1. hefti Nýals („Hið mikla samband“).

Ekki má skiljast svo við Stead, að ekki sé minnst á fleira fróðlegt í sambandi við hann. Fyrir mann, sem veit hið rétta og ennfremur, hverju það skiptir, að allt mannkyn láti sér skiljast það, var það sönn hugfró, að lesa the „Blue Island“,

af því að þar var einmitt þetta, sem mest ríður á að vita, svo skýlaust tekið fram, að ekki virtist unnt að komast hjá því, að þiggja blessaðan sannleikann. Það er auðfundið, hversu mikið áhugamál Stead er það, að fá því lýst yfir sem allra ótvíræðlegast, að það sé ekki neinn andaheimur, sem hann er að segja frá. Það var engu líkara, segir hann, en að ég væri á ferð í landi, sem ég hefði ekki komið í áður. Hann hittir hinn framliðna föður sinn í skemmtilegum gildaskála fram við sjó, og segir í því sambandi, að hann geti farið í sjó og synt. Mér virtist erfitt að skilja, hvernig fólk, sem las þessa bók, og jafnvel miss Stead sjálf, gat eftir sem áður verið sannfærð um, að líf framliðinna væri andalíf í andaheimi. Og í bókinni „Life Eternal“ er jafnvel eins og Stead sjálfur sé að reyna að gera að engu þennan stórmikilsverða fróðleik, sem honum hafði tekist að koma fram í „Blue Island“. Hann segir, að hann hafi í hinni fyrri bók aðeins verið að lýsa nokkurskonar draumlífi, eintómum ímyndunum og hugarburði; en það nær ekki nokkurri átt, m. a. vegna þess, að ef einungis væri um ímyndanir að ræða, þá mundu þær hafa verið eitthvað líkar því, sem hinn framliðni hafði gert sér í hugarlund í lífinu hér á jörðu; en nú er þetta mjög á hinn veginn. Ráðning gátunnar er að finna í formála þeim, sem hinn gamli, merki verkfræðingur og spíritisti, Stanley de Brath, skrifar fyrir bókinni „Life Eternal“. Hann segir þar (s. 17): „Mig furðaði ekki á því, að (í þessari bók) er Bláu Eynni lýst sem hugsmið eingöngu (eða hugarburði). Ég hafði alltaf verið mér þess meðvitandi, að svo mundi vera.“(!)

Það er þetta ranga hugarfar, sem vandræðunum veldur, þessum, sem Stead kvartar svo sárlega yfir sumstaðar þar sem hann segir, að hann geti ekki fengið skrifað það sem hann vill, af því að það aflagist svo í hugum þeirra, sem hann hefir samband við handanað.

Stead gerir þó einnig í „Life Eternal“ hraustlegar tilraunir til að fá þeim skilningi framgengt, að hann sé ekki andi. hann segir t. d. (s. 71—2): „Ég fann, að ég var ungur og öflugur, en ekkert barn. Fyrsta tilfinningin (þegar hann

vaknar til nýs lífs eftir dauðann) var kæti. Ég var í manns mynd, fannst ég vera sterkur (líkamlega sterkur!) og gat notað hendur og fætur eftir vild.“ Og þó að hann sé þarna kominn til draumalands, þá er það engan veginn svo að skilja, að land þetta eigi sér enga veru nema í draumi, heldur þannig, að hann kannast við sig af því að hann hafði dreymt þetta land og þennan stað, meðan hann lifði hér á jörðu. Hann sest við gluggann í húsi sínu sem er ekki neitt andahús í andalandi, og horfir út. Fyrir utan er yndislegur blóma-garður og í hverri blómkrónu miðri sér hann hvítt ljós, sem eykur mjög á fegurð blómsins. Finnst honum þetta eðlilegt og alvanalegt, og furðar sig á því, að hann skuli ekki hafa tekið eftir slíku áður (þ. e. meðan hann lifði hér á jörðu). Það er mjög eftirtektarvert og styður vel að skilningi á því, að ekki sé um neinn hugarburð að ræða, að það er í hverri blómkrónu miðri, sem Stead sér þetta fagra ljós, því að það er óhætt að gera ráð fyrir því, að það séu einkum fræhnúðar og frjóberar jurtanna, sem geislunum stafa.

Þessi fagra og eftirtektarverða lýsing Steads, minnir mig á draum, sem mig dreymdi eitthvert sinn, er ég var nýkominn heim til Reykjavíkur frá vinafólki mínu í Hlíð í Eystrihrepp, þar sem ég hafði dvalið sumarið. Mig dreymdi, að ég væri að horfa á fífilbrekku austur þar, sem ég hafði oft virt fyrir mér, og fögur þótt, þegar allir fíflarnir horfðu beint framan í sólina og breiddu úr sér sem best þeir gátu. En nú var hún þó í draumnum miklu fegri, og upp af hverjum fifli lagði, en þó ekki hátt, einkennilega fagurt og yndislegt ljós, en yfir brekkunni flögraði eitthvert skorkvikindi, mjög stórt, fagur-blátt, og einnig að öðru leyti gjörólíkt nokkru, sem ég hefi vökuaugum litið. Það er athyglisvert, að mér virtist ljósið skína af öllu fífilblóminu, en ekki einungis úr miðju þess, og þó vel skiljanlegt, þegar vér vitum, að þar er ekki um einstakt blóm að ræða, heldur safn af mjög mörgum smáum (körfublóm eða blómkörfu).

Draumur þessi er að ýmsu leyti fróðlegur. Þó að mér fyndist mig vera að dreyma brekku, sem mér var kunn úr vöku, þá kemur alveg ótvíræðlega í ljós, að svo var ekki.

Fífilbrekka þessi, sem ég sá í draumi, er á Íslandi einhverrar annarrar jarðstjörnu, í billjóna eða billjóna billjóna mílna fjarlægð. Eða tilsvörun Íslands á slíkri jarðstjörnu. Því að tilsvaranakenning Swedenborgs, sem var einn af mestu vitringum, sem á þessari jörð hafa lifað, hefir við stórmerkileg sannindi að styðjast, og er náskyld fyrirmýnda- eða ideufræði Platóns, sem lærisveinn hans, Aristoteles, hinn ágæti „faðir dýrafræðinnar“, byrjaði að misskilja, og heimspek-ingarnir hafa verið að misskilja síðan, allt til þessa dags.

Mér hefir komið í hug, að þegar ég hefi verið að hugsa um þessa skínandi fífilbrekku, hvort Jónas Hallgrímsson muni ekki nú eiga heima á einhverju slíku Íslandi; en hitt er mér ekkert efamál, að einhverntíma fæ ég að sjá þessa brekku vakandi augum, og mun þá kannast við hana.

### III

„Það er til England í andaheiminum (þ. e. einhver „tilsvörun“ Englands á einhverri annarri jarðstjörnu alheimsins),“ segir „andi“ í bókinni *The Witness* (Vitnið), eftir mrs. J. Platts, enska prestskonu, sem misst hafði báða syni sína á vígvelli, framúrskarandi efnismenn, annan 22 ára en hinn 17.

Bók þessi vakti, jafnvel ennþá frammar en „Bláa Eyjan“, hjá mér vonir um, að nú mundi fara að takast að koma fram þeim undirstöðuskilningi, sem allt veltur á. Er þarna einkum sagt frá sambandi mrs. Platts við yngri son hennar framliðinn. Hafði hann verið kallaður Tiny — sem þýðir: ofurlítill — af því hvað hann var stór og mikill. En það, sem hann er að reyna til að fá móður sína til að skilja, sýnir ef til vill ennþá betur en ævi hans hér á jörðu, hversu framúrskarandi mannsefni hann hefir verið. Það var nú mjög auðskilið, er ég las bókina, að Mrs. Platts hafði oft, og í aðalatriðum, ekki skilið hvað sonur hennar var að fara; en hinsvegar vantaði þó sumstaðar svo lítið á, að honum hefði tekist að fá hið rétta fram, að mér fannst sjálfsagt að reyna til að veita þarna þá hjálp, sem e. t. v. gæti að notum komið, og skrifaði því frúnni. En þar varð ógreiðara um en þegar við miss Stead

var að eiga. Guðspekihöfundur nokkur, Bensusan minnir mig hann hétí, hafði birt mjög harðan og framúrskarandi vitlausan ritdóm um þessa stórmerku bók frúarinnar, og minntist ég á þetta í bréfi mínu og lét í ljósi, eins og rétt var, óbeit mína á þessari ógreindarlegu og jafnvel illgirnislegu árás Bensusans. En það kom fyrir ekki. Mér gat ekki dulist, að mrs. Platts taldi þá hjálp, sem ég var að reyna til að veita henni, mjög lítilsverða. Árangurinn af því, hversu þessi merkiskona snerist þarna rangt við, kom þá líka fram í því, að næsta bók hennar, sem hún nefndi „The Vision Beautiful“, stóð langt að baki hinni fyrri, var guðspekilegs eðlis, og virðist hún þar að mestu leyti hafa tapað þessu sambandi við son sinn, sem henni var svo dýrmætt. Reyndi ég þá enn, hvort ekki mætti bæta þarna eitthvað um, en gat gengið alveg úr skugga um, að orð mín voru þar einskis metin. En skrítið þótti mér að sjá, að hér og hvar í þessari síðari bók hennar vottar fyrir viðleitni til að stuðla að því, að hún þiggi þá hjálp, sem ég var að bjóða henni. Eins og t. d. s. 67: „Hrindið ekki frá yður neinum fróðleik, sem yður kann að berast.“ S. 70: „Hafið vakandi auga á vísbendingum, sem þér kunnið að fá úr alveg óvæntri átt.“ S. 136: „Látið yður skiljast, að aðrir kunna að geta kennt yður meira en þér þeim.“

Ætla ég nú að reyna, hvort mér gengur ekki betur, að gera íslenskum lesendum skiljanlegt, hvað það var sem Tiny var að reyna til að fræða móður sína um. Það er undireins mjög mikilsverð bending um, að í bókinni „Vitnið“ sé stefnt að mjög mikilsverðum fróðleik, að Tiny segir, að Brúnó sé kennari sinn eftir að yfirum kom; en það er mjög skiljanlegt, að þessi ágæti vitringur, sem fyrstur gerði sér ljósa grein fyrir mikilleik heimsins, og betur en nokkur annar hafði gert, benti mannkyninu í rétta átt, veiti því, öðrum fremur, athygli, sem hér á jörðu er að gerast, og leggi hug á að styðja að því, að þeim fróðleik, sem ég er að reyna að koma fram, verði rétt tekið. Bókin ber af öðrum ritum spíritista, sem mér eru kunn, í því að fróðleikur sá, sem hinn framliðni Tiny er að reyna til að færa móður sinni, snýst

fyrst og fremst um það, að stórtíðindi séu í vændum hér á jörðu, í sambandi við aukna þekkingu mannkynsins á lífi og heimi. Að vísu er mikið blandað málum, bæði í The Witness og í Vision Beautiful (V.B.), en þó má vel skilja, að spádómsefnið er í rauninni hið sama og hjá frú de Ferriem og Adam Rutherford. Tiny talar um andlegan leiðtoga, sem nú þegar sé kominn fram á Vesturlöndum, og starf hans hafið. Þýska völvan leggur mikla áherslu á, að þarna sé ekki um neina endurkomu Krists að ræða, heldur vísindalegar kenningar, sem koma muni á fullum sáttum milli trúar og vísinda. Tiny tekur líka mjög vara fyrir því, að ímynda sér, að um nokkuð líkt sé að ræða og komu höfundar kristindómsins, endur fyrir löngu. Það, sem mannkynið gat veitt viðtöku fyrir 2000 árum, segir hann, er einungis sem dropi í haf, samanborið við þann fróðleik, sem fá má nú. Tiny er það, eins og þýsku völvunni, hið mesta áhugamál, að brýna fyrir þeim, sem hann veit að orð hans muni ná til, að það sé fullkomlega áreiðanlegt, að þekkingarauka þeim, sem aldaskiptunum veldur, muni verða komið fram, ekkert muni geta komið í veg fyrir, að svo verði. Rutherford setur, eins og kunnugt er, íslensku þjóðina í samband við aldaskiptin, segir jafnvel, svo ótrúlegt sem slíkt virðist, að íslenska þjóðin verði að hafa þar forgöngu. Einnig Tiny talar um komandi þjóð, eða framkomu þjóðar, sem hafa muni hin blessunarrikustu áhrif á allt mannkyn. Ber hann Brúnó fyrir þessu, og virðist mér ekki ólíklegt, að spá þessi sé af sömu rótum runnin og þetta mjög svo furðulega, sem Adam Rutherford segir um Íslendinga sem framtíðarþjóð. Það, sem ég get sagt með fullri vissu, er þetta, að spádómar þessir munu rætast, ef sannleikanum er veitt sú viðtaka, sem þarf. En enginn, sem alla málavöxtu þekkti nógu vel, mundi lá mér, þó að við og við hvarfli að mér nokkrar efasemdir um, að einmitt það geti orðið. Sannleikurinn hefir átt svo erfitt uppdráttar hér á jörðu, og einmitt af því, fremur en af nokkru öðru, hefir hlotist allt hið illa; eða m. ö. o. það, að lífið hér á jörðu er ekki og hefir aldrei verið það sem líf á að vera. Er því engum láandi, eins og nú er ástatt, þó að

honum hvarfli í hug, að enn kunni að sækja í sama horfið og áður, þegar meira ríður á en nokkru sinni áður, að sannleikurinn sé þeginn, og þess metinn, sem hann er verður.

Auðfundið er, hversu Tiny er það hið mesta áhugamál, að sannfæra móður sína um að hann er ekki andi og á ekki heima í andaheimi, enda er það undirstöðuatriði, að vita þetta, ef samband við framliðna á að geta orðið eins og þarf. En honum tekst þó ekki að sannfæra móður sína um þetta. Það getur ekki verið efamál, að henni hefir aldrei orðið ljóst, að sonur hennar er orðinn líkamlegur íbúi annarrar jarðstjörnu, og til þessa skilningsskorts hennar er að rekja, bæði það, að ýmislegt vantar í frásögn hans, og eins, að flest það, sem hann hefir þó getað komið fram, er eitthvað aflagað. Mjög fróðlegt dæmi slíks er þetta (s. 176): „Þegar fólkið veit, að andaheimurinn er einungis annar hluti efnisheimsins, alveg eins og Ameríka er annar hluti gamla heimsins, þó að hafið sé á milli, þá mun það undireins láta sér skiljast, að fólkið á voru sviði er alveg eins lifandi og fólkið á yðar sviði. Þetta mun með tímanum útrýma óttanum við dauðann, og gera ferðina frá einu sviði til annars eins eðlilega og að fara yfir um Atlantshafið.“

Þó að klaufalega sé að orði komist, getur engum, sem rannsakað hefir þetta mál, dulist, að það, sem Tiny er að reyna að fræða móður sína um, er, að bústaðir framliðinna séu ekki í andaheimi, heldur í þessum sama efnisheimi, þ. e. á öðrum jarðstjörnum alheimsins, og að eins og menn fara yfir um Atlantshafið til að komast til Ameríku, eins liði menn í dauðanum gegn um geimdjúpin fram til annarrar jarðstjörnu. Sennilega mundi Tiny, ef meiri skilningur hefði verið til móts, hafa tekist að segja móður sinni, að dauðinn mundi sigraður verða, svo að menn gætu verið framliðnir, hafa liðið fram til annarrar jarðstjörnu, án þess að hafa dáíð. En það er það, sem þarf að verða. Dauðinn er ekki sigraður fyrr en menn hætta að deyja. —

Mjög fróðlegt er að sjá, hver árangurinn verður, þegar Scott læknir er að reyna til að segja ekkju sinni þetta sama, að ekki sé um andaheim að ræða, heldur efnisheim, þennan

sama heim, sem jörð vor er í: „Stjörnurnar eru oss (framliðnum) það, sem meginlöndin eru yður“ (From 4, s. 109), og er þó nokkru ógreinilegar að orði komist, en Tiny gerir. S. 219 tekst Tiny jafnvel að segja (eða fá móður sína til að rita, nákvæmar sagt): „Allt er þetta einn og sami heimurinn“ (þ. e. jörðin og það, sem þið kallið andaheim) og hann talar um fjöll og vötn, þar sem hann á heima og fagar ár og garða. Virðist dálítið erfitt að skilja, að trúað skuli vera á andaheim eftir sem áður, þrátt fyrir svo ótvíræðar yfirlýsingar framliðsins.

Tiny er bjartsýnn um framtíð mannkynsins þrátt fyrir allt. „Vér vitum, að enn eru miklir erfiðleikar fyrir höndum á yðar jörð“ — segir hann s. 255 — „en þó er ekki um að ræða dauðastríð þjóðanna, heldur fæðingarhríðir nýrrar aldar menningar og andlegra framfara.“

Hér má nú bæta því við, að ef þetta rætist, þá verður engan veginn eingöngu um andlegar framfarir að ræða: og að þessar „fæðingarhríðir“ eru ekki svo réttnefndar, því að þær eru enganvegin neitt skilyrði fyrir því, að öld sannra framfara hefjist hér á jörðu, heldur eingöngu afleiðing þess, hversu erfiðlega gengur að fá mannkynið til að vakna við því, hve sannleikurinn er mikilsverður, og leitinn eftir sannleikanum.